

A 1790/välfärd

Flytjandi Flokkahópur miðjumanna
Afgreiðsla Norræna velferðarnefndin

Þingmannatillaga um eftt einkaréttarlegt samstarf á Norðurlöndum**Tillögur**

Flokkahópur miðjumanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda

að þær opni sameiginlegan gagnabanka með upplýsingum um réttarheimildir;

að þær endurreisi einkaréttarlegt löggjafarsamstarf á Norðurlöndum, meðal annars í því augnamiði að samræma löggjöf á þeim sviðum sem stjórnarsýsluhindranir verða til;

að þær sjái til að ekkert skorti svo að tryggja megi löggjafarsamstarf á ráðherrastigi.

Bakgrunnur

„Norðurlönd eiga að vera samþættasta svæði heims,“ sögðu forsætisráðherrar norrænu ríkjanna fimm í sameiginlegri yfirlýsingu 27. september 2016. Norrænu ríkin og sjálfstjórnarlöndin standa að miklu leyti undir hinum miklu væntingum, ekki síst með hliðsjón af umfangsmiklu löggjafarsamstarfi sem hófst á fyrsta norræna lögfræðingáþinginu árið 1872 og óx og dafnaði upp frá því. Grunnurinn að samnorrænu réttarsamstarfi var því lagður löngu áður en styrjaldirnar geisluðu í Evrópu og hugmyndin að samþættingu Evrópu kviknaði.

Frumkvöðlastarfið um einkaréttarleg málefni var framsýnt og bar þann ávöxt að borgarar og samfélög á Norðurlöndum hafa í bráðum hundrað ár getað stofnað hlutafélög, gert samninga, stundað viðskipti, innheimt skuldir, fengið skaðabætur, verndað hugverkaréttindi sín, eignast börn, gengið í hjúskap og slitið honum á grundvelli sambærilegra norrænna reglna. Sá sem flust hefur á milli landa eða starfað báðum megin við landamæri hefur mátt treysta því að kæmu upp vandamál yrðu þau leyst í samræmi við sömu meginlínur í norrænum rétti og miðað við svipaða framkvæmd. Þegar norrænu samstarfi, eins og við þekkjum það nú á tímum, var komið á laggirnar með undirritun Helsingforssamningsins árið 1962 þótti eðlilegt að fjórða grein hans yrði orðuð svo: „Samningsaðilar skulu halda áfram löggjafarsamstarfi í því skyni að ná sem mestu samræmi á sviði einkamálaréttar.“



Nú hafa Norðurlandaráð og Norræna ráðherra nefndin fest sig í sessi sem öflugar stofnanir í samanburði við samstarf dómsmálaráðuneytanna á öndverðri 20. öld en þótt það hefði verið frekar laust í reipunum lagði það undirstöðuna að einkaréttarlegu samstarfi þjóðanna. Í því ljósi er einkennilegt að þróunin á þessu sviði hefur fremur staðið í stað en munað nokkuð á leið eftir að Helsingforssamningurinn var gerður með öllum þeim norrænu stofnunum sem settar voru á fót í kjölfarið.

Allt frá árinu 1972 þegar norrænu ríkin fóru hvert með sínum hætti að gerast aðilar að Evrópubandalaginu, Evrópska efnahagssvæðinu og síðar Evrópusambandinu fluttist áherslan á samræmingu skjótt frá norrænu höfuðborgunum til Brussel og Strassborgar. Norrænni samræmingu stafar æ meiri ógn af ESB eftir því sem sambandið eflist og fær fleiri og rýmri löggjafarheimildir. Þeim mun meira sem úrelt norræn löggjöf er endurnýjuð að kröfu ESB-réttarins eða af öðrum ástæðum, því útvatnaðri verður norræn samþætting á sviði einkaréttar og þá er hætt við að norræn samkennd verði fljótt aftur sem bútasamsteppi í augum Norðurlandabúa.

Flokkahópur miðjumanna fagnar ákvörðun Norrænu ráðherra nefndarinnar frá vorinu 2017 um að kanna möguleika á að efla norrænt löggjafarsamstarf. Inge Lorange Backer var falið það verkefni og kynnti hann skýrslu sína „Eftl norrænt löggjafarsamstarf - Tækifæri og áskoranir (ANP 2018:727)“ í janúar 2018. Úttektin sýnir að mikil sóknarfæri eru fólgin í framhaldi á norrænu löggjafarsamstarfi á mörgum réttarsviðum og niðurstöður Backers verðskulda forgang í stjórnmalastarfinu. Enn fremur er ástæða til að vísa í ákvörðun samstarfsráðherranna í september um að löndin eigi að gera hverju öðru viðvart þegar sett eru ný eða endurskoðuð lög, að þau gæti að löggjöf og reglna hvers annars við lagasmíð og leitist við að vinna saman að innleiðingu ESB-gerða.

Flokkahópur miðjumanna vill í þessu sambandi undirstrika mikilvægi einkaréttarlegs löggjafarsamstarfs. Við viljum að lögin séu samin í samstarfi, með samhljóða lagatexta og lögskýringargögn. ESB er ekki óyfirtíganleg hindrun fyrir slíkt samstarf. Að undanskildum neytendarétti fer ekki mikið fyrir einkaréttarlegri löggjöf á vettvangi ESB. Það litla sem þó er, felst í tilskipunum sem veitir löndunum mikið svigrúm um innleiðinguna.

Byrja ætti á því að opna hina ýmsu norrænu gagnagrunna á réttarsviði til að gera þá aðgengilega fyrir einn sameiginlegan gagnabanka með upplýsingum um réttarheimildir. Aðgangur að þeim gagnabanka ætti að vera ókeypis fyrir alla háskóla á Norðurlöndum.

Flokkahópur miðjumanna álitur að samþættasta svæði heims eigið skilið samræmdasta einkaréttarsvið heims. Norrænu samningalögin, sem eru afrakstur sameiginlegs framtaks á árunum 1915 – 1920, eru um það bil aldargömul. Flokkahópur miðjumanna telur að táknrænt væri að velja þessi tímamót til að bæta aðstæður norrænnar réttareiningar til aukinnar samræmingar enn á ný.



Nuuk, þann 12. september 2018

Anna Kolbrún Árnadóttir (Mifl)

Anna-Maja Henriksson (sv)

Antti Kurvinen (cent)

Arto Pirttilahti (cent)

Axel Jonsson (ÅF)

Eva Biaudet (sv)

Guðmundur Ingi Kristinsson (Fif)

Hanna Halmeenpää (grænum)

Heidi Greni (Sp)

Jenis av Rana (Mfl)

Johanna Karimäki (grænum)

Katri Kulmuni (cent)

Ketil Kjenseth (V)

Krista Mikkonen (grænum)

Lars Tysklind (L)

Matti Vanhanen (cent)

Mikael Staffas (Lib)

Peter Östman (kd)

Silja Dögg Gunnarsdóttir (Frfl)

Staffan Danielsson (C)

Stina Bergström (MP)

Tore Storehaug (KrF)

Willfred Nordlund (Sp)